

Miðvikudaginn 21. desember 1983.

Nr. 152/1983. **Gríma Guðmundsdóttir**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Danielle Somers Jónsson og

Ólafi Rafni Jónssyni

(Guðjón Styrkársson hrl.).

Aðför. Útburðargerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Sigurður Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1983. Hún krefst þess, „að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu gerð með því að bera stefndu út úr íbúð þeirra að Þingvallastræti 22 á Akureyri. Þá er krafist málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.“

Stefndu gera þá aðalkröfu, „að birting dóms í Hæstaréttarmálinu nr. 150/1980 verði dæmd ógild og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar að nýju og að stefndu verði tildæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda.“ Til vara gera þau þá kröfu, „að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og stefndu tildæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda.“

Krafa stefndu fyrir fógetadómi var sú, að synjað væri um útburð. Var það meðal annars stutt þeim rökum, að birting dóms Hæstaréttar 25. mars sl. í máli aðilja hefði verið ófullnægjandi. Þessa málsástæðu má hafa uppi fyrir Hæstarétti til stuðnings kröfu um staðfestingu hins áfrýjaða úrskurðar, þótt málinu hafi ekki verið gagnáfrýjað.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að birting hæstaréttardómsins frá 25. mars sl. hafi verið fullnægjandi, enda viðurkennt af hálfu stefndu, að þau fengu afrit dómsins í hendur á þeim stað og tíma, sem segir í vottorði stefnuvotta.

Í dóminum 25. mars er stefndu dæmt skylt að flytjast á tilteknum tíma úr íbúð sinni að Þingvallastræti 22 á Akureyri að viðlagðri aðför að lögum. Er því ljóst, að hér er um aðfarardóm að ræða.

Í 12. gr. aðfararlaga nr. 19/1887 segir: „Ef maður er dæmdur til að víkja af fasteign eður selja dómhafa nokkur umráð hennar, skal fógæti, ef því verður við komið, með útburði dómfellda og innsetning dómhafa eða á annan hátt því líkan þröngva honum til að hlýðnast dómsákvæðinu.“ Í máli því, sem hér er til úrlausnar, hafa stefndu verið dæmd til að víkja af fasteign. Útburði verður við komið. Dómhafinn, áfrýjandi í þessu fógætamáli, á ekki rétt á innsetningu, en það er ekki skilyrði útburðarins eftir orðum 12. gr. aðfararlaga eða eðli máls. Halda stefndu gerðarþolar umráðum íbúðarhúsnæðisins, þótt þeim sé óheimilt að búa þar sjálfum. Hugsanlegar aðgerðir þeirra eftir útburð og viðbrögð áfrýjanda við þeim varða ekki þann ágreining, sem hér er til úrlausnar.

Pegar framanskráð er virt, ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógæta að framkvæma útburð eftir kröfu áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda 20.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir fógæta að framkvæma útburð eftir kröfu áfrýjanda.

Stefndu, Danielle Somers Jónsson og Ólafur Rafn Jónsson, greiði áfrýjanda, Grímu Guðmundsdóttur, 20.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er lýst, hvernig staðið var að birtingu dóms Hæstaréttar í málinu nr. 15/1980 laugardaginn 9. apríl 1983. Samkvæmt þeirri lýsingu birti stefnuvotturinn Jón Benediktsson

ekki dóminn fyrir dómþolum. Birting dómsins fór því ekki fram með lögformlegum hætti, sbr. 89. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt þessu tel ég ekki vera fullnægt því skilyrði 7. gr. laga nr. 19/1887, sbr. 3. mgr. 194. gr. laga nr. 85/1936, að fullnægingarfrestur dóms Hæstaréttar sé liðinn, og því eigi útburðargerðin ekki að ná fram að ganga. Ég tel því, að staðfesta beri niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar að þessu leyti, en málskostnaður ætti að falla niður.

Úrskurður fógætaréttar Akureyrar 15. ágúst 1983.

Ár 1983, mánudaginn 15. ágúst, er í fógætarétti Akureyrar, sem háður er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 107, Akureyri, af Sigurði Eiríkssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp úrskurður þessi.

Gerðarbeiðandi er Gríma Guðmundsdóttir til heimilis að Þingvallastræti 22, Akureyri.

Gerðarþolar eru Danielle Somers Jónsson og Ólafur Rafn Jónsson, til heimilis að Þingvallastræti 22, Akureyri.

Málið er nr. 291/1983.

Lögmaður gerðarbeiðanda er Brynjólfur Kjartansson hæstaréttarlögmaður.

Lögmaður gerðarþola er Gissur Kristjánsson héraðsdómslögmaður.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 13. ágúst 1983.

Fjárnámskrafa í gerðarbeiðni er óumdeild.

Kröfur.

Af hálfu gerðarbeiðanda eru gerðar þær kröfur, að dómsorði dóms Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 150/1980 verði fullnægt, þannig að gerðarþolar, Danielle Somers Jónsson og Ólafur Rafn Jónsson, verði borin út úr íbúð þeirra að Þingvallastræti 22 á Akureyri, þar sem þau hafa ekki hlýtt dómsorðinu né nokkur merki sjáist þess, að þau séu á förum. Jafnframt hefur gerðarbeiðandi krafist alls kostnaðar við útburðinn, þ. á m. sérstaks málskostnaðar við þetta úrskurðarmál og verði þá höfð hliðsjón af málskostnaðarreikningi á dskj. nr. 10.

Af hálfu gerðarþola eru gerðar þær kröfur, að synjað verði um hina umbeðnu gerð (útburð) og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþolum ríflegan málskostnað fyrir fógætaréttinum, og hafa gerðarþolar lagt fram málskostnaðarreikning.

Málavextir eru þeir, að hinn 25. mars 1983 var í Hæstarétti Íslands í málinu nr. 150/1980 kveðinn upp svohljóðandi dómur

„D ó m s o r ð:

Stefndu, Danielle Somers Jónsson og Ólafi Rafni Jónssyni, er skylt að flytjast innan þriggja mánaða frá birtingu dóms þessa úr íbúð þeirri að Þingvallastræti 22 á Akureyri, þar sem þau búa nú ...“

Laugardaginn 9. apríl 1983 fóru tveir stefnuvottar Akureyrar, þeir Gísli Ólafsson og Jón Benediktsson, að Þingvallastræti 22, og í framhaldi af því voru af þeirra hálfu rituð svofelld birtingarvottorð á dóminn: „Ár 1983, laugardaginn 09.04. kl. 17.50 birtum við stefnuvottar Akureyrar framanritaðan hæstaréttardóm fyrir Danielle Somers Jónsson sjálfri á heimili hennar Þingvallastræti 22 og afhentum henni þar endurrit af dómnum.

Ár 1983, laugardaginn 09.04. kl. 17.50 birtum við stefnuvottar Akureyrar framanritaðan hæstaréttardóm fyrir Ólafi Rafni Jónsson sjálfum á heimili hans Þingvallastæri 22 og afhentum honum þar endurrit af dómnum.

Þetta vottast samkv. stefnuvottaheiti okkar og staðfestist með eiginhandar nöfnum.

D.U.S.

Jón Benediktsson.

Gísli Ólafsson.

Gjald:

Birting	kr. 190
Bílk.	— 232
Sending	— 50
	Alls kr. 472

Greitt.

JB. GÓ.“

Af hálfu gerðarþola hefur því verið haldið fram, að þrátt fyrir birtingarvottorð þetta þá hafi dómurinn ekki verið réttilega birtur af þeim sökum, að stefnuvotturinn Gísli Ólafsson hafi einn framkvæmt birtinguna og að aðrir en hann hafi ekki birt dóminn, en samkvæmt 1. mgr. 89. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 28/1981, sé sú ein birting lögmæt, sem tveir stefnuvottar framkvæmi. Af þessum sökum telja gerðarþolar, að aðfararfrestur sá, sem greindur er í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar hafi ekki byrjað að líða hinn 9. apríl 1983, sbr. 3. mgr. 194.

gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og beri þegar af þeirri ástæðu að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar. Gerðarþolar hafa haldið því fram, að samkvæmt 92. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði beri stefnuvottum að votta um það: a) Hvar stefnan var birt. b) Hverjum stefna hafi verið birt. c) Hvenær stefna hafi verið birt. d) Ef birting er að hyggju stefnuvotta áfátt að einhverju, en stefndi lýsi því fyrir þeim, að hann láti þá birtingu nægja, þá geta þeir þess í vottorði sínu, og er skýrsla þeirra þar um jafngild sem önnur atriði, sem liggja í verkahring þeirra. Stefnuvottar geta vottað um hinar tilteknu staðreyndir, sem þeim er falið að gefa skýrslu um, en ekki almennt, að stefna sé löglega birt, þ. e. verk dómara að skera úr því. Í fyrrgreindri 92. gr. laga nr. 85/1936 i. f. segir: „Vottorðum stefnuvotta um framangreint atriði verður ekki hnekk, nema full sönnun komi á móti þeim.“ Gerðarþolar halda því fram, að þegar dómur sá var birtur, sem hér er lagður til grundvallar fyrir gerðarbeiðninni, hafi verið viðstaddir blaðamenn frá Morgunblaðinu og fleiri blöðum og skrifi þeir frétt í blöð sín um birtinguna þann 12. apríl 1983. Á dskj. nr. 4 sé mynd af því, er Gísli Ólafsson stefnuvottur birtir gerðarþolum dóm Hæstaréttar. Á myndinni sé aðeins einn stefnuvottur, Gísli Ólafsson, og í fréttinni með myndinni komi ekki fram, að aðrir en Gísli Ólafsson hafi birt. Á dskj. nr. 5 sé svipuð mynd og undir þeirri mynd sé frétt, sem segi „sl. laugardag færði Gísli Ólafsson“ o. s. frv. Í fréttatexta á dskj. nr. 6 komi fram: „Þá um daginn, kl. 6 að kvöldi, birti Gísli Ólafsson, fyrrum yfirlögregluþjónn á Akureyri, þeim dóm hæstaréttar“ o. s. frv. Af þessum frásögnum og myndum verði ekki dregin önnur ályktun en Gísli Ólafsson, stefnuvottur á Akureyri, hafi einn mætt til þess að birta gerðarþolum greindan hæstaréttardóm. Auk blaðamanna hafi verið staddur í greint sinn á heimili gerðarþola Baldur Halldórsson og hafi hann horft á, er Gísli Ólafsson birti einn greindan dóm og afhenti gerðarþolum bréfsarkir, sem síðar kom í ljós, að á voru rituð dómsorð greinds hæstaréttardóms. Samkvæmt þessu telja gerðarþolar, að fyrir liggi lögfull sönnun fyrir því, að greint dómsorð hafi aðeins verið birt af einum stefnuvotti fyrir gerðarþolum og þar með vanti lögmæt skilyrði til aðfarar, þar sem dómurinn var aldrei nægilega birtur, en samkvæmt 7. gr. aðfararlaga nr. 19 frá 1887 verði aðfararfrestur að vera liðinn, áður en aðför má gera eftir dómi, en aðfararfrestur byrji ekki að líða fyrr en við löglega birtingu dóms. Samkvæmt þessu beri þegar í stað að synja um framgang umbeðinnar gerðar, enda verði ekki krafist aðfarar á grundvelli þeirra skjala, er fyrir liggja í máli þessu og lögð hafa verið fram af hálfu gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli Ólafur Rafn Jónsson kom fyrir dóminn hinn 13. ágúst 1983 og skýrði þá svo frá, að Gísli Ólafsson stefnuvottur hafi fyrrgreindan dag birt þeim hjónum, gerðarþolum í máli þessu, hæstaréttardóm þann, sem

er til grundvallar í máli þessu. Jafnframt hefur Ólafur Rafn lýst því, að í greint sinn hafi bifreið Gísla Ólafssonar stefnuvotts staðið fyrir utan hús gerðarpóla, en gerðarþoli hefur tekið fram, að hann hafi engan mann séð inni í bílnum, og hann segist ekki hafa orðið var við, að annar stefnuvottur en Gísli Ólafsson hafi birt dóminn. Þá hefur Ólafur Rafn lýst því, að frá þeim stað, þar sem hann stóð, þegar dómurinn hafi verið birtur, hafi vel mátt sjá inn í bílinn, en þar hafi enginn maður verið.

Baldur Halldórsson, fæddur 15. janúar 1924, til heimilis að Hlíðarenda, Akureyri, hefur sem vitni fyrir réttinum lýst því, að hann hafi verið staddur á heimili gerðarpóla fyrrgreindan dag og hann hafi séð Gísla Ólafsson stefnuvott afhenda Ólafi Rafni pappíra. Þá kveðst þetta vitni hafa séð, þegar Gísli Ólafsson gekk að bifreið sinni, sem er að gerðinni Volvo, bláleitur, en bifreiðin hafi staðið við gangstéttarbrún við innkeyrsluna að húsinu, en bíllinn hafi snúið framenda til vesturs. Ekki gat vitnið fullyrt um það, hvort einhver annar en Gísli var inni í bílnum, en vitnið kveðst ekki hafa veitt því neina sérstaka athygli. Þá veitti vitnið því ekki athygli, hvort rúða í hægri framhurð bifreiðarinnar var skrúfuð niður eða ekki.

Vitnið Gunnar Berg Gunnarsson, fæddur 1. desember 1936, til heimilis að Skarðshlíð 2 G, Akureyri, kveðst hafa verið statt við heimili gerðarpóla fyrrgreindan dag, þegar dómur Hæstaréttar var birtur, en það kveðst þá hafa verið fréttaritari Morgunblaðsins á Akureyri og hefði fengið veður af því, að birting dómsins ætti að fara fram þennan dag. Vitnið kveður bifreið Gísla Ólafssonar stefnuvotts hafa komið þarna að húsinu, Gísli hafi komið út úr bílnum, en vitnið tók ekki eftir því, hvort fleiri voru í bílnum. Þá kveðst vitnið hafa ætlað að taka myndir af birtingu dómsins og þess vegna hafi það beint athygli sinni að því, þegar Gísli Ólafsson gekk upp í miðjar tröppur að íbúð gerðarpóla og afhenti þeim einhver skjöl, sem vitnið reiknaði með, að hefði verið dómur Hæstaréttar.

Vitnið sagði, að þegar Gísli Ólafsson hefði lokið við að afhenda skjölin, hefði hann stigið að nýju upp í bifreið sína og ekið brott, en þá kveðst vitnið heldur ekki hafa tekið eftir því, hvort einhver annar en Gísli var í bílnum, enda kveðst vitnið ekki hafa veitt því sérstaka athygli.

Stefnuvottarnir Gísli Ólafsson og Jón Benediktsson komu fyrir dóminn sem vitni og gáfu svofellda yfirlýsingu: „Að gefnu tilefni varðandi birtingu dóms Hæstaréttar að Þingvallastræti 22 laugardaginn 9. apríl s. l. viljum við undirritaðar taka þetta fram:

Um kl. 17.50 nefndan dag ókum við undirritaðir stefnuvottar Akureyrar-kaupstaðar í bifreiðinni A-1060 að Þingvallastræti 22 og stöðvuðum við vesturenda hússins beint fram af tröppum að íbúð þeirra Danielle Somers og Ólafs Rafns Jónssonar.

Fór ég undirritaður Gísli Ólafsson upp í tröppurnar og afhenti þeim hjón-

um birtingarskjölin þar, en undirritaður Jón Benediktsson fylgdist með úr hægri framsæti bifreiðarinnar, en hún sneri til vesturs.

Að öðru leyti vísuð við til birtingarvottorðs okkar.

Akureyri, 11. ágúst 1983.

Gísli Ólafsson.

Jón Benediktsson.“

Þessa yfirlýsingu hafa þeir báðir staðfest fyrir réttinum. Vitnið Jón Benediktsson kveðst aðspurt hafa séð ljósmyndara og fólkið í tröppunum, þegar það tók við dómsbirtingunni. Vitnið neitaði að svara því, hvort það hefði heyrt orðaskipti á milli Gísla Ólafssonar og dómþolanna. Vitnið kveðst hafa setið í hægri framsæti bifreiðarinnar og hafi það haft meðferðis minnismiða og skrifað niður, hverjir tóku við birtingunni, á hvaða tíma og eftir því hafi birtingarvottorðið verið ritað, en vitnið kveðst hafa undirritað það eigin hendi. Þá kvaðst vitnið aldrei hafa talað við dómþolana og ekki þekkja þá í sjón. Vitnið gat aðspurt ekki svarað því, hvort rúðan í hægri framhurð bifreiðarinnar hafi verið skrífuð niður í greint sinn, þar sem svo langt væri um liðið, en vitnið gerði ráð fyrir, að svo hafi verið, og tók fram, að þetta atriði hafi ekki haft áhrif á það, sem það sá. Vitnið kvaðst aðspurt hafa góða sjón og lesi og skrifa án glæraugna. Þá kvað vitnið heyrn sína bilaða á vinstra eyra, en fullkomna á hægri eyra, og ekki kvaðst vitnið nota heyrnartæki. Lögmaður gerðarbeiðanda hefur í munnlegum málflutningi haldið því fram, að vottorð stefnuvottanna beri það með sér, að dómurinn hafi verið löglega birtur bæði að formi og efni, enda sé óumdeilt, að dómurinn hafi komist til skila til beggja gerðarþola. Þá hafi það ekki verið hrakið með vætti vitna eða á annan hátt, að stefnuvotturinn Jón Benediktsson hafi fylgst með dómsbirtingunni úr hægri framsæti bifreiðarinnar, og vottorð stefnuvottanna hafi því ekki verið hrakið, sbr. 92. gr. i. f. laga nr. 85/1936.

Lögmaður gerðarþola hefur í munnlegum málflutningi sagt, að óumdeilt sé, að dómur Hæstaréttar hafi komist til skila til gerðarþola greindan dag, en þar sem vitni hafa aðeins séð einn stefnuvott, þá sé birtingin ólögmat samkvæmt 1. mgr. 89. gr. laga nr. 85/1936. Þá hélt lögmaðurinn því fram, að atbeini Jóns Benediktssonar stefnuvotts hefði valdið ógildi birtingarinnar vegna þess, að hann hafi lýst því fyrir dómi, að hann vildi ekki setja staðsetningu bifreiðarinnar inn á uppdrátt, hann hafi lýst því, að hann þekkti gerðarþola ekki í sjón og hefði ekki talað við þá, hann hafi ekki getað sagt til um það, hvort gluggi bifreiðarinnar var opin eða lokaður, og hann sé heyrnarsljór á vinstra eyra.

Niðurstaða.

Varðandi þennan þátt málsins er óumdeilt, að dómur Hæstaréttar komst til skila til gerðarþola hinn 9. apríl 1983. Þá verður lagt til grundvallar, að þegar birting dómsins fór fram, hafi það atvikast þannig, að þeir stefnuvottar Gísli Ólafsson og Jón Benediktsson hafi í greint sinn ekið í bifreiðinni A 1060 að vesturenda hússins Þingvallastrætis 22 og þar hafi bifreiðin verið stöðvuð þannig, að vel sá upp í tröppurnar að íbúð gerðarþola. Stefnuvotturinn Gísli Ólafsson hafi farið út úr bifreiðinni og gengið upp í fyrrgreindar tröppur með endurrit af dómi Hæstaréttar og afhent báðum gerðarþolum þar þetta endurrit, enda er þetta viðurkennt af gerðarþola Ólafi Rafni Jónssyni.

Hvorki vætti vitnanna Baldurs Halldórssonar og Gunnars Berg Gunnarssonar né skýrsla gerðarþola Ólafs Rafns né önnur gögn, svo sem ljósmyndir og blaðafréttir, hrekja það, að stefnuvotturinn Jón Benediktsson hafi fylgst með birtingunni úr hægra framsæti bifreiðarinnar, en líta verður svo á, að sá atbeini, sem Jón Benediktsson stefnuvottur léði til birtingarinnar, hafi verið fullnægjandi, enda ekki tíðkað að lesa stefnur eða dóma upp við birtingu, heldur er látið við það sitja að afhenda afrit eða endurrit. Með hliðsjón af þessu og 2. mgr. 92. gr. i. f. laga nr. 85/1936 verður talið, að vottorði stefnuvottanna varðandi birtinguna 9. apríl sl. hafi ekki verið hnekkt, og er því fyrir hendi í máli þessu lögmætur grundvöllur til aðfarar, enda voru þrír mánuðir liðnir frá birtingunni, þegar gerðarbeiðni kom fram hinn 11. júlí 1983.

12. gr. aðfararlaga.

Lögmaður gerðarþola hefur haldið því fram, að þegar útburður fer fram, beri að beita 12. gr. aðfararlaga nr. 19/1887, en hún er svohljóðandi: „Ef maður er dæmdur til að víkja af fasteign eður selja dómhafa nokkur umráð hennar, skal fógeti, ef því verður við komið, með útburði dómfellda og innsetningu dómhafa eða á annan hátt því líkan þröngva honum til að hlýðnast dómsákvæðinu.“ Lögmaðurinn heldur því fram, að þegar útburður fer fram, þá sé það algert skilyrði samkvæmt tilvitnuðu ákvæði, að dómhafi geti tekið við umráðum eigna þeirra, sem dómþolum sé gert að víkja af. Í þessu máli hafi dómur Hæstaréttar ekki svipt gerðarþola neinum umráðum eignarinnar og ekki fengið þau í hendur neinum öðrum en þeim sjálfum. Af þessari ástæðu geti hvorki dómhafi né fógeti tekið umráðin af gerðarþolum og því sé óheimilt að beita útburði. Lögmaður gerðarbeiðanda hefur haldið því fram, að orðalagið „á annan hátt því líkan“ í hinni tilvitnuðu 12. gr. aðfararlaga merki, að útburði megi beita. Þá varpaði lögmaðurinn fram þeirri spurningu, hvernig hægt væri að fullnægja dóminum nema með útburði. Lögmaðurinn taldi, að það væri ekki skilyrði, að dóm-

hafi fengi umráð eignarinnar. Þá lýsti lögmaðurinn þeirri skoðun sinni, að dómar væru til að framfylgja þeim.

Niðurstaða.

Þegar útburður, eins og hér er krafist, fer fram, ber að beita hinni tilvitnuðu reglu í 12. gr. aðfararlaga nr. 19/1887.

Við það verður að miða, að það sé skilyrði fyrir útburði samkvæmt greininni, að dómhafi fái þau umráð eignarinnar, sem gerðarþolar eru sviptir. Dómhafi, Gríma Guðmundsdóttir, á engan rétt til að taka við umráðum húseignar gerðarþola að útburði loknum. Útburður samkvæmt þessu tilvitnaða lagaákvæði getur því ekki farið fram, og verður dómi að þessu leyti ekki fullnægt eftir efni sínu.

Rétt er, eins og mál þetta er í pottinn búið, að málskostnaður falli niður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Birting dómsins hinn 9. apríl 1983 var lögmæt.

Aðför, sem miðar að því, að gerðarþolar, Danielle Somers Jónsson og Ólafur Rafn Jónsson, verði borin út úr íbúð þeirra að Þingvallastræti 22 á Akureyri, nær ekki fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 27. desember 1983.

Nr. 233/1983. **Ákærvaldið**

gegn

Kristjáni Aðalsteinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Tórfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1983, sem barst Hæstarétti 22. s. m. Hann krefst þess